

Styrktarsamningur

Mennta- og barnamálaráðuneytið, kt. 460269-2969, hér eftir ráðuneytið, og LungA skólinn ses., kt. 660213-1200, hér eftir styrkþegi, gera með sér svofelldan samning:

1. Markmið með samningnum og lýsing verkefnis

- 1.1. Meginmarkmið með samningi þessum er að styðja við rekstur og stuðla að starfrækslu LungA lýðskólans á Seyðisfirði. Sérstaklega er horft til þess að skólinn veiti almenna menntun og uppfræðslu í samræmi við ákvæði laga um lýðskóla nr. 65/2019 og undirbúi nemendur fyrir þátttöku í lýðræðissamfélagi.
- 1.2. Markmið samnings þessa er að tryggja stefnu skv. kafla 20.1 í fjármálaáætlun.

2. Framlag og skyldur ráðuneytisins

- 2.1. Með samningi þessum veitir ráðuneytið styrkþega styrk að fjárhæð kr. 20.000.000 vegna þeirra verkefna sem tilgreind eru í 1. gr.
- 2.2. Styrkurinn kemur frá málafllokki 20.1, af fjárlagalið 02-321-11080.
- 2.3. Styrkurinn verður greiddur út í tveimur greiðslum inn á bankareikning viðskiptabanka styrkþega með eftirfarandi fyrirkomulagi: 80% styrkuppþæðar greiðast eftir undirritun samnings þessa og eftirstöðvar greiðast eftir skil skýrslu, sbr. 3.8. gr.
- 2.4. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, sbr. og einnig reglugerð nr. 642/2018 um styrkveitingar.
- 2.5. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þá fjárhæð sem getið er í samningi þessum.
- 2.6. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 2.7. Tengiliður ráðuneytisins við styrkþega er Ragnhildur Bolladóttir, teymisstjóri í mennta- og barnamálaráðuneytinu.

3. Ábyrgð og skyldur styrkþega

- 3.1. Styrkþega er óheimilt að ráðstafa styrknum í annað en þau verkefni sem tilgreind eru í 1. gr. þessa samnings. Þá er styrkþega jafnframt óheimilt að afhenda og/eða framselja, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
- 3.2. Styrkþegi skal taka fram í kynningarefni þeirra verkefna sem samningur þessi tekur til að verkefnin séu styrkt af mennta- og barnamálaráðuneytinu.
- 3.3. Styrkþegi skal bjóða upp á nám sem uppfyllir kröfur laga um lýðskóla, nr. 65/2019.
- 3.4. Nemendafjöldi skal að lágmarki vera 20 á haustönn 2025.
- 3.5. Fari nemendafjöldi á önn undir 15 nemendur, mun ráðuneytið endurkrefja lýðskólann um kr. 1.000.000 fyrir hvern þann nemanda sem vantar upp á.
- 3.6. Styrkþegi starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem eiga um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem ekki eru ríkisaðilar en veita opinbera þjónustu sem er kostuð að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins. Eftirfarandi lög og reglugerðir kunna því að eiga við:
 - Lög um lýðskóla, nr. 65/2019.
 - Reglugerð um viðurkenningu lýðskóla nr. 430/2020.
 - Lög um opinber fjármál, nr. 123/2015.

- Reglugerð nr. 218/2020 um skyldur og ábyrgð forstöðumanna ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs við framkvæmd fjárlaga.
 - Lög um opinber innkaup, nr. 120/2016
 - Upplýsingalög, nr. 140/2012.
 - Stjórnsýslulög, nr. 37/1993.
 - Lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016.
 - Samkeppnislög, nr. 44/2005.
 - Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.
 - Lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014.
- 3.7. Styrkþegi skal á samningstímanum hafa það að meginmarkmiði að innrita nemendur á aldrinum 18–25 ára og skal innritun eldri nemenda teljast undantekning. Innriti styrkþegi eldri nemendur skal það rökstutt í skýrslu skv. gr. 3.8.
 - 3.8. Styrkþegi skal eigi síðar en 60 dögum frá lokum samningstíma, skila mennta- og barnamálaráðuneytinu fullnægjandi skýrslu um framvindu verkefna og reikningsskil í samræmi við 2. mgr. 42. gr. laga um opinber fjármál. Í skýrslu skal gerð grein fyrir framgangi og árangri verkefna, sundurliðun á hvernig styrknum var ráðstafað og aldurskiptingu nemenda auk þess sem rökstyðja skal innritun eldri nemenda, sbr. gr. 3.7. Skýrsluna skal senda á netfangið mrn@mrn.is.
 - 3.9. Lokagreiðsla skv. 2.3. gr. þessa samnings er háð því að styrkþegi hafi skilað fullnægjandi skýrslu skv. 3.8. gr. Hafi skýrslu ekki verið skilað innan 60 daga frá lokum samningstíma fellur lokagreiðsla niður. Jafnframt getur það haft áhrif á frekari styrkveitingar til styrkhafa vanræki hann skyldur sínar um skil skýrslu skv. 3.8. gr. þessa samnings.
 - 3.10. Styrkþegi skal auk þess veita ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir um þau verkefni sem samningur þessi tekur til, hvenær sem ráðuneytið óskar þess. Styrkþegi skal láta í té allar upplýsingar og gögn um verkefnin, eins fljótt og auðið verður.
 - 3.11. Styrkþegi tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef hann telur vafa leika á um að hann geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir styrkþegi frá úrræðum sem hann hyggst grípa til.

4. Vanefndir

- 4.1. Ráðuneytinu er heimilt að rifta samningi þessum og endurkrefja um greiðslur, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu, og öðrum kostnaði sem kann að falla til, ásamt vöxtum skv. ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, uppfylli styrkþegi ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Að sama skapi getur það leitt til endurskoðunar á styrkfjárhæð og/eða skapað ráðuneytinu endurkröfurétt ef styrkþegi brýtur með athöfnum eða athafnaleysi gegn skilyrðum eða forsendum fyrir framlagi eða styrk í samningi þessum.
- 4.2. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 4.3. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

5. Gildistími

- 5.1. Samningurinn gildir frá undirritunardegi til 31. desember 2025.

Reykjavík, 07.10.2025

f.h. mennta- og barnamálaráðherra
Hafþór Einarsson, skrifstofustjóri

f.h. LungA – skólans ses.
Mark Rohtmaa-Jackson, skólastjóri